

## Þróunarstarf

Dæmi um þróunarstarf sem Kirkjuból hefur tekið þátt í:

**Markviss málörvun** - að örva og auka málvitund barna

**Brúum bilið** - samstarf leik- og grunnskóla

**Lesmál 2010-2016** - mál til komið að lesa – markvissar sögu og samræðustundir

**Umhverfisverkefni** - flokkun og virðing fyrir umhverfi sinu

**Vinátta 2014-2015** - samstarfsverkefni með Barnaheill á Íslandi

**Erasmus + verkefnið „This is me under construction“ 2015-2017** - samstarf fjögurra þjóða

**Vinur okkar Lubbi 2016-2018** - málörvunarverkefni í tengslum við þjóðarsáttmála um læsi

**Babblarna 2018-2020** - málörvunarverkefni í tengslum við hljóðamyndun

**Sögupokar 2018-2020** - áhersla á læsi og efla orðaforða

**Heilbrigð sál í hraustum líkama 2018-2019** - efla hreyfingu og liðan starfsmanna

## Upplýsingaflæði

Lagt er upp með góð og dagleg samskipti og eru upplýsingatöflur í fataherbergjum á hverri deild. Vikupóstar eru sendir til foreldra eftir hverja viku og fréttabréf leikskólans er sent til foreldra í byrjun hvers mánaðar.



### Leikskólinn Kirkjuból

við Kirkjulund

210 Garðabæ

Leikskólastjóri: Ásta Kristín Valgarðsdóttir

Sími: 591 9360 og 617 1565

Netfang: [kirkjubol@leikskolarnir.is](mailto:kirkjubol@leikskolarnir.is)

Heimasíða: [www.kirkjubolid.is](http://www.kirkjubolid.is)

## Leikskólinn Kirkjuból



- Umhverfi
- Sköpun
- Lífsleikni

Áherslur



- Virðing
- Vinátta
- Væntumþykja

Einkunnarorð



## Kirkjuból

Leikskólinn Kirkjuból hóf starfsemi 1. nóvember 1985. Alls eru 61 barn í leikskólanum og deildarnar eru þrjár, Holt, Lundur og Heiði

Deildar leikskólans skiptast eftir aldri barna, á **Holti** eru börn á aldrinum 1 til 3 ára, á **Lundi** eru börnin 2 til 4 ára og á **Heiði** eru elstu börnin 4 til 6 ára. Börnin flytjast á milli deilda eftir því hversu mörg pláss losna og fer flutningur eftir aldri barna.

**Aðalnámsskrá leikskóla** er höfð að leiðarljósi í öllu starfi og námssvið leikskólans eru samþætt og samofin öllu starfi. Námssviðin eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og það fjórða sköpun og menning. Þau taka mið af sex grunnþáttum menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og það sjötta sköpun.



## Fjölgreindir

Leikskólinn Kirkjuból leggur áherslu á fjölgreindakenningu Howards Gardner í starfi með börnunum. Fjölgreindakenningin byggir á því að maðurinn býi yfir átta greindum og mismunandi styrkleikum tengdum þeim. Greindirnar eru: Málgreind, rök- rýmis- og stærðfræðigreind, tónlistargreind, líkams- og hreyfigreind, samskiptagreind, sjálfspækingargreind og umhverfisgreind.

**Fjölgreindadagar** eru fjórir yfir veturinn. Þá eru settar upp nokkrar stöðvar á víð og dreif um leikskólann tengdar greind mánaðarins. Stöðvavinnan eykur samvinnu og fara börnin á milli stöðva og velja sér verkefni sem vekja áhuga. Stöðvavinnan er ekki síst góð til að gefa börnunum tækifæri að kynnist leikskólanum sínum betur og hitta starfsfólk allra deilda. Starfsfólkið fær einnig tækifæri til að velja stöðvar eftir áhuga og skipuleggja útfærslu verkefna á svæðum.



## Áherslur í starfinu Umhverfi, sköpun, lífsleikni

### Umhverfi

Umhverfismennt er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Áhersla er lögð á umhverfisvernd og að gera börnin meðvituð um mikilvægi þess að ganga vel um og vernda náttúruna.

### Sköpun

Skapandi starf í leikskóla byggir fyrst og fremst á sköpunarferlinu sjálfu og þeirri gleði og ánægju sem fylgir því að skapa. Leikur er lykill að námi og það er mikil sköpun og túlkun sem birtist í leik barnanna. Lögð er áhersla á fjölbreyttan efnivið sem börnin hafa aðgang að.

### Lífsleikni

Á Kirkjubóli er unnið með lífsleikni og leitast er við að efla færni barnanna í samskiptum og ákvarðanatöku. Börn er virðing fyrir einstaklingnum og mismunandi áhugasviðum þar sem hverjum og einum gefst tækifæri á að njóta styrkleika sinna og byggja þannig upp jákvæða sjálfsmynd. Lögð er áhersla á gleði í starfinu, virðingu, vináttu og væntumþykju.

